

Bstj. 20. apríl 2010

**Borgarstjórn Reykjavíkur 20. apríl 2010**

**Forseti:** Fundur er settur í Borgarstjórn Reykjavíkur. Fyrsta mál á dagskrá er tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um eflingu skapandi sumarstarfa. Til máls tekur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

## **1. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um eflingu skapandi sumarstarfa**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla nú ekki að hafa langt mál um þessa tillögu, enda liggur hún fyrir með ágætis greinargerð. Hún hljóðar svo með leyfi forseta:

Borgarstjórn samþykkir að veita kr. 20.000.000 til eflingar á skapandi sumarstörfum á vegum Hins hússins sumarið 2010. Þannig skapist svigrúm fyrir fleiri einstaklinga í þessum eftirsóttu og mikilvægu störfum fyrir ungt fólk í Reykjavík. Að sama skapi verði fjármagnið nýtt til að lengja starfstíma þeirra verkefna sem þörf er á, til að efla og styrkja ferðamannþjónustu í Reykjavík.

Eins og segir í greinargerð með tillögunni, þá er heilmikið atvinnuleysi meðal ungs fólks, það mun verða mjög mikið atvinnuleysi meðal ungs fólks í sumar, framhalds- og háskólanemar eiga erfitt með að fá störf og það er þannig, eins og við vitum öll, að atvinnuleysi er að jafnaði helmingi meira meðal ungs fólks heldur en þeirra sem eldri eru. Á vegum borgarinnar verða 1300 störf í boði, sem er mun færri heldur en hefur verið á undanförunum árum, að maður tali nú ekki um á atvinnuleysistímum, og brýnt að borgin axli ábyrgð.

Þegar við förum í atvinnuskapandi verkefni er líka brýnt að við tökum tillit til áhugasviðs þess fólks sem við erum að reyna að höfða til. Fyrir nokkrum vikum var samþykkt í borgarráði að veita 120 milljónum til að skapa 200 störf á framkvæmda- og eignasviði í sumar. Þau störf eru ekki eftirsóttustu störfin meðal ungmenna á þessum aldri, heldur eru það skapandi störf á vegum Hins hússins. Það er þannig að 800 einstaklingar hafa sótt um þau 40 störf sem eru í boði á vegum Hins hússins, og þá er ég að tala um jafningjafraeðslu, skapandi sumarhópa og götuleikhús, á meðan um 3400 hafa sótt um þau 1300 störf sem eru í boði á vegum borgarinnar almennt, sem þýðir að það eru 20 umsækjendur um hvert starf í þessum skapandi hópum á meðan það eru 2,6 umsækjendur um hvert starf á öðrum sviðum borgarinnar. Þetta sýnir að við verðum að leggja meiri áherslu á þessi skapandi störf, ef það er okkar stefna að koma til móts við áhugasvið ungmennanna.

Það er ekki svo að þessi störf séu eingöngu til að ungmennin geti skemmt sér í vinnunni, þetta eru mjög mikilvæg störf til þess að glæða miðborgina lífi yfir sumartímamann og menningar- og ferðamálasvið hefur allavega talað um það að þau

myndu mjög gjarnan vilja sjá meira af þessu og yfir lengri tíma heldur en nú er. Það er þannig að hátindur ferðamannaíðnaðarins er í lok júlí og ágúst, þá eru flestir túristar í Reykjavík, en skapandi sumarhópar og götuleikhús er búið upp úr miðjum júlí. Þannig að það væri mjög eðlilegt að ungmennin gætu verið annað hvort lengur eða að það kæmi annar hópur sem tæki við þarna. Það er bara útfærslumál sem ég treysti ÍTR ágætlega til þess að útfæra.

Jafningjafræðslan er þannig að það eru að mig minnir 7 stöðugildi sem ætlað er að fara inn í alla hópa vinnuskólans og á vegum félagsmiðstöðva í sumar. Þessum ungmennum hefur verið fækkað talsvert, þau voru að mig minnir tíu og þetta hafa verið mjög eftirsótt störf. Þessi ungmenni eru að gegna mjög mikilvægu forvarnarhlutverki. Auðvitað ná þau ekki til allra en þau ná ákveðnum hópi sem enginn annar nær í. Jafningjar eru mjög mikilvægir aðilar í að fræða og forverja, ef svo má að orði komast. Skapandi sumarhópar og götuleikhús hafa verið með allskonar starf, það hefur verið forvarnastarf, það hefur verið fjölmiðlastarf og það hafa verið allskonar útiuppákomur sem hafa sannarlega haft mikil áhrif á líf og störf fólks í borginni.

Hvert starf á þessu sviði er ódýrara heldur en hvert starf á framkvæmda- og eignasviði. Á framkvæmda- og eignasviði, þessi 200 störf sem nú stendur til að ráða í, kosta að jafnaði 600.000 krónur hvert, ef 120 milljónir geta skapað allt að 200 störf, en þessi skapandi störf hjá Hinu húsinu geri ég ráð fyrir að kosti 500.000 krónur hvert starf. Þannig að þarna gætum við verið í 100.000 króna ódýrari störfum á einstakling og skapað jákvæð og skemmtileg störf. Það er náttúrulega líka þannig að einstaklingur sem er að vinna eitthvað sem honum finnst áhugavert er mun kraftmeiri, áhugasamari og skilar betri vinnu heldur en einstaklingur sem er að vinna eitthvað sem hann hefur ekki gaman að.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að það hafa verið veittar 30 milljónir í sérstakan pott sem ætlaður er ungu fólki en sá pottur nær til mun breiðari hóps heldur en sá sem hér um ræðir. Hann er allt upp undir 35 ára en þessi störf eru fyrir 25 ára og yngri. Um þennan hóp gilda líka aðrar reglur en þau störf sem hér um ræðir og þær reglur hef ég gagnrýnt harðlega í atvinnumálahópi og mun bara fylgja því eftir áfram þar og svosem ekki eitthvað sem ég ætla að fara að ræða hér en upphæðin er það sem skiptir máli og hún dugar mjög skammt. Það þarf mun hærri

Bstj. 20. apríl 2010

upphæðir ef við ætlum að styðja myndarlega við bakið á ungmennum í sumar og það hljótum við öll að vilja að gera.

Ég bara vonast til þess að tillagan fái góðar undirtektir hér í dag, enda um brýnt mál að ræða sem þjónar hagsmunum okkar allra.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

## **1. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um eflingu skapandi sumarstarfa**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka tillöguflýtyjanda fyrir tillöguna og greinargóða yfirferð á þessu máli og tek undir með borgarfulltrúanum að þetta eru gríðarlega mikilvæg störf. Bæði eru þau mikilvæg vegna þess að auðvitað erum við þarna að verða við væntingum hóps ungmenna sem sinnir þarna bæði sínum hugðarefnum en einnig verkefnum sem síðan hafa í gegnum tíðina oft, ef menn hafa fylgst með því, það hefur oft orðið dálítið mikið úr þessum verkefnum sem hafa byrjað sem svona litlir sprotar hjá Hinu húsinu í formi þessara skapandi starfa sem síðan hafa skilað sér með mjög skapandi hætti inn í borgina til annarra og stærri verkefna. Auk þess sem ég er algjörlega sammála borgarfulltrúanum um það að þessi störf hafa gríðarlega mikil og jákvæð áhrif á miðborgina okkar og ættu náttúrulega að hafa það á alla borgina, ekki einungis hér á kjarnasvæði sem nýtur krafta þessara ungmenna.

Ég veit að það hefur ekki látið nokkurt okkar ósnortið að labba hér um miðborgina á góðum sumardögum og skynja kraftinn sem í þessu unga fólki býr, þannig að ég vildi byrja á því að taka undir með þeirri hugleiðingu sem er í þessari tillögu og því sem henni er ætlað að færa okkur en legg jafnframt til að henni verði vísað til umsagnar hjá ÍTR áður en tekin er formleg og endanleg afstaða til hennar.

Ég vildi aðeins gera grein fyrir því að auðvitað erum við að gera mjög mikið eins og borgarfulltrúinn kom reyndar inn á. Við erum að beita okkur með mjög mörgum hætti í og til þess að tryggja virkni ungs fólks í sumar. Við erum að gera það með því að tryggja öllum umsækjendum vinnu í vinnuskólanum á aldrinum 13-15 ára eða um 3500 manns sumarvinnu í sumar og það er gott og mikilvægt starf sem þar er unnið og svo eru fagsviðin að ráða til sín um 1310 manns, mest ungt fólk, til sumarafleysinga og tímabundinna sumarstarfa eins og borgarfulltrúar þekkja og skiptist með ákveðnum hætti niður á sviðin. Af þeim fjölda eru til dæmis rúmlega 200 ungmenni ráðin í tengslum við 96 m.kr. aukafjárveitingu sem meðal annars fór til skapandi sumarhópa í Hitt húsið en um 40 ungmenni er gert ráð fyrir að fái vinnu við skapandi sumarstörf, sem er svipaður fjöldi og í fyrra, en eins og borgarfulltrúinn nefndi eru miklum mun fleiri sem sækja um þau störf heldur en fá. Margfalt sá hópur sem við höfum haft ráð á að taka til okkar í vinnu.

Ég vildi síðan líka greina frá því að í síðustu viku átti ég, ásamt formanni atvinnumálahópsins, Oddnýju Sturludóttur, fund með fulltrúum ungmennaráða í framhaldi af góðri umræðu sem var hér í borgarstjórn á fundi með þeim, þar sem við ræddum atvinnumál ungs fólks á aldrinum 17-18 ára og í kjölfar þess fundar hefur mannauðsstjóri að minni beiðni beint þeim tilmælum til stjórnenda ÍTR, umhverfis- og samgöngusviðs og framkvæmda- og eignasviðs að þeir skoði hvort ekki megi skipta áætluðum starfsdögum eða vikum á milli fleiri umsækjenda en upphaflega var gert ráð fyrir. Hugmyndin þarna á bakvið er að reyna að tryggja það að þeir sem sækja um störf hjá okkur og eru á þessum yngsta aldri, eins og 16 og 17 ára gamlir, að þeir geti gengið að störfum hjá borginni en hugsanlega fengið minni tímafjölda heldur en upphaflega var gert ráð fyrir og fulltrúar ungmennaráðsins leggja mikla áherslu á þetta og telja að þetta sé farsælla heldur en að færri fái mikla vinnu.

Þannig að við erum að reyna að finna leiðir til þess að draga úr atvinnuleysi ungmenna með því að ráða fleiri í skemmri tíma og, eins og ég segi, það var mjög skýr afstaða þeirra ungu einstaklinga sem komu á okkar fund að þetta væri farsælla. Við höfum óskað eftir því og eigum von á því að fá viðbrögð frá þessum sviðum sem ég nefndi, strax í þessari viku. Líka í þeim 150 m.kr. atvinnuátakspotti sem borgarstjórn samþykkti fyrir í vetur, þá hefur ákveðnum fjármunum og miklum fjármunum verið varið til atvinnusköpunar fyrir ungt fólk og fjárframlagið dugar til þess að veita fjölda ungs fólks vinnu og síðan er auðvitað fullt af námskeiðum sem er of langt mál að telja upp hér, sem tengjast Hinu húsinu og öðrum verkefnum sem við höfum verið með.

Einnig gerði Reykjavíkurborg nýlega samkomulag við félags- og tryggingamálaráðuneytið um virkninámskeið fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára í hverfum borgarinnar. Við höfum átt mjög gott samstarf við ríkisvaldið um þessi verkefni, sérstaklega þá félags- og tryggingamálaráðherra og síðan ekki síður við menntamálaráðuneytið en ég, ásamt menntamálaráðherra, undirritaði nýlega samkomulag um að veita aukið fé til Nýsköpunarsjóðs námsmanna, það var að frumkvæði menntamálaráðherra sem það var gert og menntamálaráðuneytið lætur 90 milljónir af hendi rakna en Reykjavíkurborg um 30 milljónir, þannig að þarna skapast tækifæri til þess að gera þessum sjóði kleift að veita allt að 400 stúdentum

Bstj. 20. apríl 2010

áhugaverð störf við sjálfstæðar rannsóknir í sumar. Þetta er auðvitað risastórt mál og er mikil ánægja með í umhverfi þeirra sem stunda háskólanám í Reykjavík og á Íslandi auðvitað.

En ég semsagt legg það til að tillögunni verði vísað til umsagnar hjá íþrótt- og tólmstundaráði og við fáum umsögn frá þeim um þessi mál þar sem verður bæði gerð grein fyrir svigrúminu sem þar er en ekki síður kannski þeim fjölda sem borgarfulltrúinn nefndi hér sem hefur sótt um og þeirra sem ekki fá, auk þess sem ég held að við eigum að skoða þetta í samhengi við þau verkefni sem við höfum verið með eins og bjarta Reykjavík og ljómandi borg, en þar var ákveðið fjármagn eyrnamerkt aðgerðum í miðborginni og það er hægt að skoða hvort eitthvað af því fjármagni hefur verið fullnýtt eða hvort eitthvað af því fjármagni væri hugsanlega hægt að nýta inn í þessi verkefni.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu og lagt til að tillögunni verði vísað til umsagnar ÍTR. Næstur tekur til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

**1. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um eflingu skapandi sumarstarfa**

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég hlýt að fagna framkominni tillögu, enda er hún í einu og öllu í takti við þær áherslur sem ég vil setja í forgang hjá borginni; til mannauðsskapandi verkefna, og þessi upphæð, 20 m.kr., er aðeins einn þúsundasti hluti af því sem við erum tilbúin að verja til risastórrar byggingar tónlistar- og ráðstefnuhúss hér við höfnina og einn tíuþúsundasti, ég endurtek: einn tíuþúsundasti af því sem Borgarstjórn Reykjavíkur og þá einkum meirihlutaflókkarnir eru tilbúnir að skuldsetja okkur sem búum í borginni til að þjóna undir hagnað erlendra málmbræðslufyrirtækja.

Þannig að hér er aðeins verið að varpa einu hrísgrjóni í gott mál á sama tíma og heilu tonninn eru sett í óarðbær verkefni og óréttláta forgangsörðun og skuldsetningu á komandi kynslóðum. Þannig að ég fagna þessari tillögu og vil gera það líka með svohljóðandi bókun sem ég legg hér fram, forseti:

Framkominni tillögu er fagnað en jafnframt vakin athygli á því, að allur fjórflokkurinn, þ.á m. Vinstri grænir, hefur sýnt mikið óréttlæti í forgangsörðun sinni. Um það vitna m.a. tugmilljarða framlög til tónlistar- og ráðstefnuhúss við höfnina á meðan skorið er niður í velferðar- og menntakerfi borgarinnar.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu og lagt fram bókun. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

**1. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um eflingu skapandi sumarstarfa**

**Björk Vilhelmsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Við borgarfulltrúar Samfylkingarinnar munum að sjálfsögðu greiða atkvæði með því að þessi ágæta tillaga fái umsögn ÍTR áður en lengra verður haldið. Það hins vegar vekur athygli að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir Reykjavíkurborg fyrir árið 2010, sem afgreidd var hér í desember sl., var mikið skorið niður í sumarstörfum og á öllum fagsviðum borgarinnar og síðan hafa verið að bætast við svona í nokkrum skrefum ýmskonar átaksverkefni til þess að bæta upp þá fjárhagsáætlun sem var samþykkt og við vöruðum mjög eindregið við að hefði alltof fá sumarstörf. Síðan var ákveðið að veita 150 m.kr., reyndar á þeim tíma, í atvinnuátaksverkefni sem eru nú að sjá dagsins ljós með ýmsum hætti. Síðan var ákveðið að veita 120 milljónum í sérstakt hreinsunarátak sem mun veita mjög mörgum vinnu og núna skulum við vona að ÍTR veiti jákvæða umsögn fyrir þessu átaksverkefni fyrir 20 milljónum til skapandi sumarstarfa.

En ég vona svo sannarlega að það verði líka tekið mið af því sem mannauðsstjóri er núna að vinna að, að þessi viðbótarstörf sem geti skapast muni nýtast þeim ungmennum sem eiga hvað erfiðast með að fá vinnu á almennum markaði, þessum 16-17 ára ungmennum sem eru dottin út af vinnuskólaaldri og ekki komin á vinnumarkaðsaldur. Þannig að ég held að það skipti meginmáli að við sinnum þeim sem verst eru staddir á markaði. En við styðjum heilshugar að þetta verði skoðað til hlítar.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið máli sínu. Til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.

**1. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um eflingu skapandi sumarstarfa**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég ætlaði bara að leggja það til í framhaldi af tillögu minni hér áðan um að málið fari til íþróttá- og tómstundaráðs, nú hefur verið vakin athygli á því að samkvæmt dagskrá mun ráðið ekki funda fyrr en að mér skilst í þarnæstu viku, þetta er auðvitað verkefni sem er einhvern veginn þannig fram sett og tillagan þannig fram sett að þetta eru verkefni sem þarf að, ef á að bæta eitthvað í það þarf það að fara að gerast, þannig að ég ætlaði eiginlega að leggja til ef um það er enginn ágreiningur að málið fari til umsagnar á sviðinu sjálfu og komi síðan til borgarráðs. Ef enginn hreyfir andmælum við því, þá fer pólitíkin auðvitað yfir það í borgarráði en það myndi tefja málið nokkuð ef bíða ætti í tvær vikur eftir umsögn frá ÍTR, ráðinu sjálfu, þannig að ég legg til að það verði sent til sviðsins og sviðsstjóri fái það til meðferðar og komi því álit til borgarráðs.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Til máls tekur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson. Til máls tekur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

**1. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um eflingu skapandi sumarstarfa**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég hef nú litlu við þetta að bæta, ég tek undir, eða ég get vel fallist á þessa málsmeðferð, að framkvæmdastjóra ÍTR verði falið að skrifa umsögn en þetta þyrfti að koma fyrir borgarráð sem allra, allra fyrst vegna þess að ungmennin bíða eftir svari frá Hinu húsinu og þeim yrði hafnað ef ekki kemur til þessi aukafjárveiting.

Nú, varðandi það sem borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir sagði hér áðan, þá tel ég vel koma til greina og tel það nú vera útfærsluatriði hjá ÍTR og Hinu húsinu en það kæmi vel til greina að skilyrða þetta fjármagn mögulega 17 ára hópnum einvörðungu, að hann gæti verið með einhverja sérstaka 17 ára hópa eða eitthvað þess háttar. Það er eitthvað sem mætti þá bara fela framkvæmdastjóra ÍTR að skoða eða Hinu húsinu þegar fram í sækir.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Fyrir borgarstjórn liggur tillaga þess efnis að tillögunni verði vísað til umsagnar á sviði ÍTR og það er tekið til afgreiðslu. Þeir sem styðja það að þessari tillögu sé vísað á svið ÍTR gefið merki og það er samþykkt einróma. Þá er tekið fyrir annað mál á dagskrá, það er tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að atvinnulausir og þeir sem þiggja fjárhagsaðstoð fái frítt í sund og fleira. Til máls tekur borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.